

**Henry B. Eyring**  
forseti  
fyrsti ráðgjafi í  
Æðsta forsætisráðinu



# Trúfastir vinir

**E**inn mesti virðingarvottur sem frelsarinn getur veitt okkur er að kalla okkur „vini.“ Við vitum að hann elskar öll börn himnesks föður fullkominni elsku. Þrátt fyrir það áskilur hann sér rétt til að nefna þá sem hafa verið trúfastir í þjónustu við hann þessum sérstaka titli. Þið munið eftir orðunum úr 84. kafla í Kenningu og sáttmálum: „Og enn segi ég yður, vinir mínir, því að héðan af kalla ég yður vini: Mér þykir æskilegt að gefa yður þessi fyrirmæli, svo að þér verðið eins og vinir mínir voru á þeim tíma, þegar ég var með þeim og ferðaðist um og prédikaði fagnaðarerindið með krafti mínum“ (K&S 84:77).

Þegar við þjónum öðrum fyrir hans hönd verðum við vinir hans. Hann sýndi fullkomið fordæmi að vináttu sem við ættum að fylgja. Hann óskar börnum himnesks föður einungis þess besta. Hamingja þeirra er hamingja hans. Hann skynjar sorgir þeirra sem sínar eigin, því hann hefur goldið fyrir allar syndir þeirra, tekið á sig misbrestir þeirra, borið allar byrðar þeirra og skynjað allar þrár þeirra. Ásetningur hans er einlægur. Hann leitar ekki eftir viðurkenningu sjálfum sér til handa, heldur veitir hann sínum himneska föður alla dýrðina. Jesús Kristur, hinn fullkomni vinur, er algjörlega ósjálfselskur er hann býður öðrum að njóta hamingju.

Sérhvertt okkar sem gert hefur skírnarsáttmála hefur lofað að fylgja fordæmi hans við að bera hver annars byrðar (sjá Mósía 18:8).

Á næstu dögum mun ykkur gefast mörg tækifæri til þess að vera vinir fyrir hans hönd. Vera má að tækifærið gefist er þið gangið eftir rykugum vegi. Kannski það gefist þegar þið setjist niður í lestarvagni, eða þegar þið leitið sætis á kirkju samkomu. Ef þið hafið augun opin, munið þið sjá einhvern sem ber þungar byrðar. Sú byrði kann að vera sorg, einmanaleiki eða biturð. Vera má að byrðin verði ykkur aðeins sýnileg eftir að þið hafið leitað þess í bæn að andinn veiti ykkur innsýn í hjörtun og lofað að lyfta máttvana örmum.

Svarið við bænum ykkar kann að verða andlit gamals vinar, einhvers sem þið hafið ekki séð í mörg ár, en hvers þarfir knýja skyndilega á huga og hjarta, sem væru þær ykkar eigin. Slíkt hefur hent mig. Gamlir vinir hafa náð til mín þótt í órafjarlægð séu og við höfðum ekkert samband haft í mörg ár. Þeir hafa veitt hvatningu þegar einungis Guð hefði getað sagt þeim frá byrðum mínum.

Lifandi spámenn Guðs hafa beðið okkur að vera trúfastir vinir þeim sem koma í kirkjuna, hvort sem það eru trúskiptingar eða þeir sem villst hafa af leið en eru að snúa til baka. Ef við minnumst frelsarans ætíð þá getum við gert slík og við munum gera það. Þegar við leitumst

við að hjálpa öðrum og bera byrðar, mun hann hjálpa okkur. Hann mun leiða okkur til hinna nauðstöddu. Hann mun blessa okkur svo við fáum skynjað hvernig þeim líður. Er við leggjum okkur fram við að þjóna fólki, munum við smám saman hljóta þá gjöf að skynja elsku hans til þeirra. Það mun veita okkur hugrekki og styrk til að halda áfram að þjóna staðfastlega.

Og um tíma og eilífð munum við njóta gleði þess að vera velkomin í samfélag trúfastra vina hans. Um þá blessun bið ég okkur öllum til handa og þeim sem við þjónum.

## HVERNIG KENNA Á BOÐSKAPINN

Líklegra er að fjölskylda taki meiri þátt, ef hún er beðin að leita að einhverju þegar orð ritninganna eða spámannanna eru lesin (sjá *Teaching, No Greater Call* [1999], 55). Er þið lesið boðskapinn biðjið þá fjölskylduna að greina frá reglum sem hjálpa okkur að vera verðug þess að geta kallast vinir Drottins.

Í *Teaching, No Greater Call* segir: „Ykkur gengur betur að kenna fagnaðarerindið, ef þið búið yfir kristilegum kærleika. Þið munuð fá innblástur um að hjálpa öðrum að kynnast frelsaranum og fylgja honum“ (12). Bendið á reglur í boðskapnum sem gætu hjálpað ykkur að verða betri heimiliskennarar. Ræðið þetta við félagar ykkar og íhugið í bænargættum hvernig þið getið verið „trúfastir vinir“ þeim sem þið þjónið.

## UNGLINGAR

### Nýi strákurinn

Eftir Matthew Okabe

Ég átti erfitt með að falla inn í hópinn. Við fjölskyldan höfðum nýlega flutt milli landshorna. Það var stór hópur unglinga í nýju deildinni okkar, en þetta var í fyrsta sinn sem ég var „nýi strákurinn.“ Það versta var að ég þurfti að fara í nýjan skóla og ég fór strax að hugsa „hverjum get ég setið hjá í hádegismatnum?“ Kannski ég myndi hitta einhverja í kirkjunni, en ég vildi ekki vera boðflenna við borð einhverra annarra, sér í lagi þar sem ég vissi ekki hvort ég væri þar velkominn!

Fyrsti dagurinn í skólanum virtist engan enda ætla að taka. Að lokum hringdi hádegisverðarþjálpan. Er ég gekk hægt inn í salinn það til himnesks föður um að ég

myndi rekast á einhvern sem ég þekkti. Ég leit í kringum mig eftir kunnulegu andliti. En sá ekkert. Ég tók því stefnuna á borð sem var hinu megin í matsalnum og borðaði hádegismatinn minn þar.

Síðar þennan dag, í stærðfræðitíma rakst ég á kunnulegt andlit. Ég hafði hitt Davíð í trúarskóla yngri bekkjar um morguninn. Hann bað mig að sýna sér stundartöfluna mína og komst að því að við vorum í hádegismat á sama tíma. „Hvar varst þú í hádegismatnum í dag?“ spurði hann.

„Ég borðaði hinu megin í matsalnum,“ svaraði ég.

„En á morgun skaltu sitja hjá mér í matnum,“ sagði hann síðan.

Ég er þakklátur fyrir kærleiksríkan himneskan föður sem þekkir þarfir sérhvers okkar og svarar hverri bæn. Ég er einnig þakklátur þeim sem reiðubúnir eru að rétta fram vinarhönd. Eitthvað jafn einfalt og boðið hans Davíðs getur gert gæfumuninn.

## BÖRN

### Jesús Kristur, okkar fullkomni vinur

Eyring forseti sagði Jesú vera okkar fullkomna vin. Hér er nokkuð af því sem felst í hinni fullkomnu vináttu Jesú.

Hann vill það sem okkur er fyrir bestu.

Hann gleðst þegar við erum hamingjusöm.

Hann er sorgmæddur þegar við erum sorgmædd eða okkur líður illa.

Hann þjáðist fyrir syndir okkar svo að við getum snúið aftur til himnesks föður.

### Vera vinur fyrir hönd Jesú

Eyring forseti sagði að við gætum orðið vinir Jesú með því að sýna öðrum vináttu fyrir hans hönd. Teiknið myndir af atriðunum fjórum sem þið getið notað til að vera vinir.

Þið getið hjálpað einhverjum sem er sorgmæddur.

Þið getið verið vinir einhvers sem er einmana.

Þið getið boðið einhverjum að koma í kirkju.

Þið getið ætíð munað eftir Jesú.

© 2010 by Intellectual Reserve, Inc. Allur réttur áskilinn. Prentað í Pýskalandi. Samþykkt á ensku: 6/09. Þýðing samþykkt: 6/09. Þýðing á *First Presidency Message, July 2010*. Icelandic. 09367 190